

Leikskóli Seltjarnarness

Starfsáætlun 2015 - 2016

Gildi Leikskóla Seltjarnarness



Ágúst

Leikskólastarfið hefst 4. ágúst kl. 12:30.

Fyrir hádegi verður $\frac{1}{2}$ skipulagsdagur sem notaður verður til undirbúnings fyrir skólaopnun.

Aðlögun hefst 10.ágúst

Föstudaginn 14. ágúst verður $\frac{1}{2}$ skipulagsdagur e.h.

Athugið að á skipulagsdögum er leikskólinn lokaður.

September

Skipulagt leikskólastarf hefst eftir aðlögun nýrra barna og starfsmanna. Ómur söngs og tónlistar heyrst um allt hús þegar Ólöf María tónlistarkennari kemur aftur til starfa eftir sumarleyfi.

Þema í sept./okt./nóv. „Ég og fjölskylda mín“ og „Árstíðirnar“

Aðalfundur foreldrafélagsins verður 14. september.

Kynning á vetturastarfi leikskólans, auglýst nánar á hverri deild.

- 3. sept. Tónlistarstundir hefjast í samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness.
- 16. sept. Dagur íslenskrar náttúru.
- 14.-25. sept. Fjölmenningsvikur. Þá er lesið, spjallað, hlustað á tónlist og rýnt í menningu hinna ýmsu þjóða sem börn og fullorðnir í leikskólanum koma frá. Þjóðfánar þeirra eru sýnilegir við hverja deild.
- 21.sept. Verkefnið "Hringekja" hefst og stendur yfir í 8 vikur.
Í Hringekju er boðið upp á átta mismunandi vinnustöðvar 2 x í viku.
Unnið er með hreyfingu, útinám, listsköpun, jóga, sögugerð, vísindi, grænfána-verkefnið og tónlist. Öll börn í Sólbrekku taka þátt og fá tækifæri til þess að vinna á öllum vinnustöðvum og um leið að kynna börnum og starfsfólki af öðrum deildum.
- 25. sept. Samsöngur í sal í tilefni Evrópska tungumáladagsins 26. september. Sungin verða lög á tungumálum starfsmanna og barna af erlendum uppruna í leikskólanum.

Á hverjum föstudagsmorgni fram á vor er fagnaðarfundur í sal sem deildir skólans skiptast á að undirbúa og stýra. Auglýst sérstaklega þegar foreldrum og aðstandendum er boðið.

Í lok sept. eru kartöflur og grænmeti tekin upp úr matjurtarbeiðum sem allir fá að njóta.

Október

Nemendur 1. bekkja Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn í leikskólann.

Börn á Odda og Skála fara í Hreyfiland einu sinni í viku í sex skipti.

- 6. okt. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María, tónmenntakennari stjórnar.
- 23. okt. Slökkviliðsmenn koma í heimsókn og fræða elstu börnin um eldvarnir o.fl.
- 26.-30. okt. Gul vika í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á gula litinn.
- 27. okt. Alþjóðlegur bangsadagur. Börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann þennan dag er leyfilegt að koma í náttfötum

Nóvember

Nemendur úr Mýrarhúsaskóla koma og lesa fyrir börnin.

Nemendur í Tónlistarskóla Seltjarnarness koma í heimsókn og leika á hljóðfæri.

- 3. nóv. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 6. nóv. Baráttudagur gegn einelti (8.nóv.) Bjöllum hringt á hólnum til áréttingar um að allir eiga rétt á að lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt.
- 2.-13. nóv. Áhersla lögð á íslenskt mál bæði mælt og ritað. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Dagskrá verður í sal 13. nóvember þar sem börnin syngja og flytja ljóð eftir Jónas sem þau hafa lært í tilefni dagsins.
- 19. nóv. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.
- 23.-27. nóv. Rauð vika í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á rauða litinn.
- 27. nóv. Samsöngur í sal. Byrjað að syngja jólalögin.

Desember

Það styttist í aðventuna með tilheyrandi jólaundirbúningi. Í desember er lögð áhersla á að skapa rólegt andrúmsloft og njóta friðsældar á aðventu.

- 1. des. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 7.-11. des. Kaffihúsavika - Deildir fara til skiptis í Vallarhús þar sem Valdi tekur á móti okkur, boðið verður upp á kakó, kleinur og sögustund .
- 11. des. Stekkjastaur kemur til byggða.
- 18. des. Litlu jólin. Dansað í kringum jólatré, jólasveinn kemur í heimsókn.

Jólatónleikar í Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Heimsókn í Seltjarnaneskirkju á aðventunni.

Janúar

Þema í jan./feb./mars „sögur og ævintýri“ og „líkaminn“.

- 4. jan. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.
- 6. jan. Prettándinn, samsöngur í sal þar sem jólin eru kvödd.
- 11. jan. Undirbúningur fyrir Þorrablót hefst.
- 25.-29. jan. Blá vika í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á bláa litinn.
- 22. jan. Bóndadagskaffi - Þorri byrjar og karlar eru boðnir velkomnir í morgunkaffi. Sameiginlegt borðhald þar sem því er við komið.

Foreldraviðtöl verða tekin á vorönn, foreldrar eru boðaðir skriflega.

Börn fædd 2010 fara í heimsókn í skólaskjól Mýrarhúsaskóla.

Febrúar

Börn á Mýri og Nesi fara í Hreyfiland einu sinni í viku í sex skipti.

- 2. feb. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 5. feb. Dagur leikskólans (6.feb.) - við gerum okkur dagamun
- 8. feb. Bolludagur - fiskibollur í hádeginu og rjómabollur síðdegis að íslenskum sið.
- 9. feb. Sprengidagur - í hádeginu er boðið upp á saltkjöt og baunir samkvæmt hefðinni.
- 10. feb. Öskudagur - furðufataball - leikrit í flutningi kennara og starfsfólks - opið á milli deilda.
- 16. feb. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.
- 19. feb. Konudagskaffi. Í tilefni konudagsins 21.febrúar er konum boðið í kaffi.

Í lok febrúar fara börn fædd 2010 aftur í heimsókn í Mýrarhúsaskóla, skoða skólann m.a. bókasafnið og skólaskjól.

Mars

- 1. mars Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.

Börn í 1. bekk Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn.

Nemendur úr Tónlistarskóla Seltjarnarness koma í heimsókn og leika á hljóðfæri

Apríl

Vetur kveður, sumardagurinn fyrsti, elsti hátíðisdagur Íslendinga rennur upp. Áhersla á umhverfismennt, gróðursetningu og útiveru eru megin viðfangsefni á vorönn.

Þema í apríl/mái/júní „Náttúran“

- 5. apríl Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 25.-29. apríl Græn vika í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á græna litinn.
Degi umhverfisins verður fagnað með ýmsu móti þessa viku en **25. apríl** er fæðingardagur Sveins Pálssonar (1762) fyrsta íslenska náttúrufræðingsins sem fyrstur orðaði á íslensku þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun.

Í apríl fara börn fædd 2010 í þriðja skipti í Mýrarhúsaskóla. Í þetta sinn heimsækja þau 1. bekkina í skólastofum þeirra. Þau taka þátt í einni kennslustund og fá afhenta bók með verkefnum sem þau vinna í. Börnin hafa með sér nesti og fara með öðrum nemendum út í frímínútur.

Maí

Í maí er „vorfagnaður“ á öllum deildum - foreldrum og aðstandendum er boðið að hlýða á söng og sjá hluta af vinnu nemenda. Dagsetningar auglýstar síðar.

6. maí Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.

Útskriftarferð elstu barnanna - farið verður að Úlfjótuvatni.

Útskriftarhátíð barna fædd 2010, foreldrar, ömmur, afar og systkini velkomin.

Sveitaferð að Bjarteyjarsandi með börn fædd 2011.

Umferðarskólinn verður í boði fyrir elstu börnin.

Í lok maí og byrjun júní eru kartöflur, grænmeti, kryddjurtir og blóm sett niður.

Júní

Áhersla lögð á útiveru og vettvangsferðir.

Vorferð með börn fædd 2012 og 2013

„Krakkahestar“ koma í heimsókn í boði foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið heldur sína árlegu fjölskylduhátíð í samstarfi við kennara og starfsfólk leikskólans.

Moltutunnur tæmdar í trjábeðin.

Síðustu vikuna í júní er lögð áhersla á jafnréttisfræðslu.

Í tilefni Kvenréttindadagsins 19. júní verður „bleikur dagur“, mánudaginn 20. júní